

# SMITVARNIR Á MEÐGÖNGU OG EFTIR FÆÐINGU MEÐ SÉRSTÖKU TILLITI TIL CMV

Umhverfi okkar er þakið milljónum örvera; baktería, veira og frumdýra. Langflestar þessara örvera valda hvorki sýkingum né öðrum vandamálum en þó geta fóstur og nýfædd börn verið viðkvæm fyrir ákveðnum bakteríum og veirum.

**Cytomegaloveira ( CMV)** er veira sem algengt er að smitast af á lífsleiðinni og getur valdið fósturskaða ef kona smitast á meðgöngu. Smit á meðgöngu er ekki algengari en á öðrum tíma en ef þunguð kona smitast er talið um þriðjungs líkur (34%) á að fósturið sýkist. Flest fóstur bera **ekki** varanlegan skaða en um 10-20% þeirra geta fæðst með einkenni um sýkinguna. Algengust eru einkenni á miðtaugakerfið, t.d. heyrnartap, sjónskerðing eða líkamleg eða andleg fötlun. CMV er talin algengasta ástæðan fyrir meðfæddri heyrnarskerðingu. Í Bretlandi er talið að um 5 af hverjum 1000 nýburum hafi fengið CMV sýkingu en tíðnin hefur ekki verið rannsökuð hérlandis.

Þar sem ekki er til bólusetning við veirunni ennþá er mikilvægt að vita um smitleiðir til að geta varist smiti. Lítil smithætta er við venjulega umgengni en veiran smitast með munnvatni og þvagi. Nokkuð algengt er að lítil börn seyti veirunni, sérstaklega þau sem eru í leikskóla. Því er mikilvægt að þvo sér vel um hendur eftir að hafa matað lítið barn, skipt á bleyju þess eða snýtt því. Þungaðar konur ættu ekki að setja mat, snuð eða hnífapör smábarna í munninn. Ekki ætti að kyssa lítil börn á munninn heldur kyssa á kollinn og/eða gefa stórt knús.

Í þessu samhengi má minna á að nýfædd börn geta verið óvarin t.d. fyrir áblástursveirunni/herpesveirunni sem getur smitast við kossa og valdið alvarlegum veikindum nýbura. Minna má á að handþvottur er mikilvægur fyrir og eftir umönnun ungbarns/smábarns.

Auk handþvottar eftir salernisferðir er mikilvægt að þvo hendur fyrir salernisferðir og skipti á dömubindum fyrstu vikunnar eftir fæðingu til að verja nýorðna móður fyrir bakteríum, sérstaklega streptococcum af hjúpperð A (GAS) sem geta valdið barnsfararsótt.